

aði og aldrei hugsaði hátt. Vér berum allir einhverntíma einhverja góða ávexti, ef vér höfum fyrirætlanir og vonir — máske eins mikla og vér getum undir risið, ef vér að eins skildum allan leyndardóm lífsins. Vér ættum þess vegna ekki að efast um Guðs forsjón vegna þess að svo mörg fyrirheiti hafa ekki komið fram. Hún er eins og náttúran, sem lætur ofauknu blómunum rigna niður við rætur trésins.

Í þessu liggur sönn lífsánægja og heimilisánægja. Ég geri ráð fyrir að mörg hjón komist að raun um að líf þeirra eftir giftinguna samsvari ekki fullkomlega draumum tilhugalífsins. En hvergi í heiminum finnst nokkur göfuglyndur maður eða kona, sem ekki lofar hamingjuna fyrir þá drauma, sem voru svo ljúfir meðan þeir entust. Dýrð þeirra er eins og vorregnið, ef ég má nota samlíkinguna aftur: ef þau geyma hana í hjörtum sínum og skilja hvers virði hún er, þá getur hún enzt þeim marga heita þurkdaga, og ávextirnir orðið nægir, þegar að uppskerutímanum kemur.

Draumar.

Draumar eru lang-almennastir af öllum fyrirbrigðum sálarlífsins, að undanteknum þeim sem vanalega eiga sér stað í heilbrigðu ástandi í vöku. Alla menn dreymir í svefni, en mjög eru draumar manna ólíkir. Hjá mörgum óupplýstum mannflokkum hefir sú skoðun rutt sér til rúms, að draumar stöfuðu af því, að í svefni yfirgæfi sálin líkamann og ferðaðist á fjarlæga staði, eu sameinaðist honum aftur og myndi þá alt, er fyrir sig hefði borið á ferðalaginu. Þessi skoðun á sér ekki stað nema á allra lægstu stigum mannlegs vits og þekkingar. En afarlengi loðir þó sú skoðun við, að draumar séu dyr, er sálin stígi í gegnum inn í óþekktan heim, sem maðurinn hafi ekkert af að segja í vöku. Og, eins og kunnugt er, leggja fjöldi margir nú á tímum mikið